

**Ed.**

**492. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 1. gr. tollaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt, þá má gera ráð fyrir, að tekjuauki eftir því verði um 130 þús. kr., ef aðflutningur af vörutegundum þessum verður líkur og 1916.

Þó nefndin kannist við það, að allur almenningur neyti tóbaks, og leggi fje í þau kaup eigi síður en í ýmsar nauðsynjavörur, þá verður hún hins vegar að fallast á, að rjettmætara sje að hækka toll á þeim munaðarvörum, sem hjer er um að ræða, heldur en að láta tollinn koma fram á beinum nauðsynjavörum. Sjerstaklega virðist með öllu sjálfsagt að auka toll á brjóstsýkur og konfekttegundum, sem engum getur blandast hugur um að eru hreinar munaðarvörur, enda eru það einkum efnaðri menn, sem sá toliur kemur niður á. Samkvæmt því, og þar sem full þörf mun vera á að auka tekjur landssjóðs, ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 15. ágúst 1917.

Sig. Eggerz,  
framsögumaður.

H. Steinsson,  
með fyrirvara.

Þó að jeg telji mjög vafasamt, að hækkun sú á tollum, sem frumv. þetta greinir, leiði til tekjuauka þess, sem ráð er fyrir gert, hefi jeg þó ekki viljað leggja það til, að frumv. sje felt.

H. Hafstein.